



Fæðing og nafngift

Hindúar hafa marga siði tengda velferð og þroska barna. Þegar kona hefur t.d. gengið með barn í þrjá mánuði er sérstök athöfn til að blessa fóstrið og gæta þess að það þroskist eðlilega. Þegar móðirin er komin sjö mánuði á leið er haldin veisla þar sem beðið er fyrir henni og ófædda barninu.



Þegar barn fæðist er það boðið velkomið í fjölskylduna með því að setja örlítið hunang í munn þess og hvísla hinu helga orði *aum* í eyra þess. Tíu dögum síðar er barninu gefið nafn. Elsta konan í fjölskyldunni tilkynnir hinum hvað barnið á að heita og faðir barnsins hvíslar nafninu í eyra þess. Á sama tíma er algengt að stjörnukort barnsins sé búið til. Stjörnukortid sýnir stöðu himintungla þegar barnið fæddist en hindúar trú á því að stjörnurnar hafi áhrif á líf okkar og persónuleika. Kortid er því notað síðar í lífinu t.d. til að reikna út hvaða dag er best að gifta sig.

Auk þessara athafna eru sérstakar athafnir þegar barnið í fyrsta sinn fer út, borðar fast fæði, hár þess er klippt og það fær göt í eyrun.

Spurningar

1. Hvaða siði hafa hindúar í tengslum við ófædd börn?
2. Hvers vegna heldur þú að hindúar gefi nýfæddu barni hunang?
3. Til hvers eru stjörnukortin notuð?
4. Nefndu tvo aðra áfanga í þroska barna sem hindúar fagna.
5. eru einhverjir siðir í þinni fjölskyldu sem tengjast meðgöngu, fæðingu eða áföngum í lífi barna? Segðu frá.